

Ed.

359. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er samþykkt þeirri breytingu, sem þar er farið fram á. Hún telur þó rétt að kveða skýrt á um það, að veðmálastarfsemin sé bundin við ákveðinn dag, þegar um kappróður er að ræða, svo ekki myndist árekstur milli annarra, sem veðmálastarfsemi hafa að lögum í sambandi við kappróður.

Nefndin mælir því með frumvarpinu með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á eftir „Sjómannadagsráðsins“ í síðari efnismálsgr. bætist: er fari fram á sjómannadaginn.

Alþingi, 3. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Gíslason.